

UMHVERFISSTOFNUN

Way Out West ehf.
Garðaflöt 10
340 Stykkishólmur

Snæfellsbær 22. maí 2017
UST201702-114/M.I.K.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi fyrir atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Snæfellsjökull Way Out West ehf., kt. 541216-1110, dags. 9. febrúar 2017, vegna umsóknar um leyfi fyrir atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Sótt er um leyfi til að fara í skipulagðar útsýnisferðir á Snæfellsjökul á fjallajeppe.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001 og um hann gilda ákvæði 47. og 82. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 auk ákvæða reglugerðar nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Umhverfissráðherra staðfesti verndaráætlun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls 15. júní 2010 í samræmi við 22. gr. reglugerðarinnar.

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir hvers konar atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum. Ferðapjónusta innan þjóðgarðsins skal skipulögð á grundvelli sjálfbærrar ferðamennsku, sbr. 17. gr. reglugerðar um þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um þjóðgarðinn. Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralíf né hrófla við jarðmyndunum. Úrgangi skal komið fyrir í sérstökum sorpílátum, enda er óheimilt að fleygja úrgangi eða grafa hann, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 568/2001.

Í þjóðgörðum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist sbr. 3. mgr. 47. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Mikilvægt er að sú starfsemi sem leyfð er í þjóðgarðinum skerði hvorki verndargildi hans né ímynd.

Ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls hefur fundað um stöðu ferðapjónustu innan þjóðgarðsins. Nefndarmenn eru allir sammála að marka þurfi skýra stefnu um atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins í samræmi við reglugerð nr. 568/2001 þjóðgarðinn. Vinnu við stefnumörkun er ekki lokið en á fundi ráðgjafarnefndar kom fram að til að hægt væri að heimila atvinnustarfsemi innan svæðisins þá þyrftu innviðir að geta borið þá aukningu sem ný þjónusta leiði af sér.

Lýsing:

Way Out West ehf, sækir um leyfi til að fara í skipulagðar ferðir með sérbúnum fjallajeppe á Snæfellsjökul þegar aðstæður, snjóalög og færð leyfa. Fjöldi ferðamanna í hverri ferð er allt að 11 og verður ein ferð í boði á dag. Upphaf og lok ferða ræðst að sama skapi af aðstæðum við jökulinn, snjólogum, frosti í jörð o.s.frv. Stefnt er að því að hafa samráð við þjóðgarðsvörð um upphaf og lok ferðatímabils. Umræddur fjallajepi verður tilbúin í haust og fram að því yrði notaður 5 manna bíll í ferðirnar.

Áhrifamat:

Umferð á vélknúnum ökutækjum í þjóðgarðinum er ferðamönnum aðeins heimil á vegum og bílastæðum. Akstur vélknúinna ökutækja á jökli er háð leyfi þjóðgarðsvarðar, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 568/2001.

Í verndaráætlun segir að mikilvægt sé að hafa skýra stefnu um vegagerð að jöklinum, umgengni og umferð og eins hvernig tekið skuli á óskum um starfsemi á eða við jökulinn. Við þá vinnu er ávallt nauðsynlegt að hafa í huga verndun náttúru Snæfellsjökuls og smæð hans. Ekki er leyfilegt að byggja upp varanlega aðstöðu við jökulinn, þ.e. sú aðstaða sem er leyfð verður að vera flytjanleg og afturkræf. Umhverfisstofnun telur að ferðir á fjallajappa upp á topp Snæfellsjökuls skerði ekki verndargildi þjóðgarðsins Snæfellsjökuls enda verði farið eftir þeim reglum sem gilda um akstur á vélknúnum ökutækjum á jöklum og snævi þakinni jörð og þeim skilyrðum sem Umhverfisstofnun setur.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun veitir Way Out West. Ehf kt. 541216-1110, fyrir sitt leyti leyfi til jöklaferða á fjallajappa í atvinnuskyni á og við Snæfellsjökul innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls eins og fram kemur í umsókn fyrirtækisins. Á grundvelli þess að unnið er að nýrri ferðamálastefnu þjóðgarðsins, niðurstöður þolmarkagreininga liggja ekki fyrir og byggingu innviða er ekki lokið verður leyfið gefið út til tveggja ára að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfi þetta gildir til 23. maí 2019.
- Umgengnisreglum þjóðgarðsins Snæfellsjökuls samkvæmt reglugerð nr. 568/2001 verði fylgt og þær kynntar fyrir viðskiptavinum.
- Reglum um akstur á jöklum og snævi þakinni jörð verði fylgt í hvívetna.
- Öryggisáætlun vegna slysa á fólki og mengunarslysa, liggi fyrir eigi síður en 1. júní 2017.
- Viðbragðsáætlun vegna slysa á fólki og mengunarslysa, liggi fyrir eigi síður en 1. júlí 2017.
- Í lok árs skal skila skýrslu til Umhverfisstofnunar með yfirliti um störf fyrirtækisins á hinu friðlýsta svæði. s.s. fjölda ferðamanna, fjölda ferða og annað er varðar áhrif starfseminnar á hið friðlýsta svæði.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik frá áður útgefinni verkefnalýsingu.
- Ganga skal vel og snyrtilega um þjóðgarðinn og fylgja ber öllum þeim lögum og reglum sem um þjóðgarðinn gilda.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. auglýsingar og reglugerðir um friðlýst svæði, sbr. 2. mgr. 40. gr. í lögum um nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjaldið er 39.400 krónur, sbr. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:


Starfsmenn þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sinna eftirliti með að skilyrði leyfisveitingar og eftirfylgni vegna hennar séu uppfyllt. Áætlaðar eru tvær klukkustundir í þann þátt hvort rekstrarár. Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir umrætt eftirlit, 13.200 kr. á klst. samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar, nr. 535/2015.

Kæruheimild:

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að kæra ákvörðun þessa til umhverfis- og auðlindaráðherra, sbr. 2. mgr. 91. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri


Jón Björnsson
Þjóðgarðsvörður